

14. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þess-⁷⁵ 28. ágúst arar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnu-málaráðuneytisins.

15. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskrá, sem sett verður samkv. 13. gr., má breyt með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 200 kr. — tvö hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við og skal fara með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. október 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Flateyrarhrepps.

76

28. ágúst

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 1.50 fyrir kílówattstund. Verð þetta breytist í hlutfalli við það sem stöðin ber sig og eftir því sem hreppsnefndin ákveður í hvert skifti. Hún ákveður og í hvert skifti verð á rafmagni til annara nota en venjulegra ljósa.

2. gr.

Mælisleiga og samtengingargjald skal vera 1 króna á mánuði.

76

3. gr.

28. ágúst

Rafmagnsgjaldið greiðist mánaðarlega og falla þau í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sé gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir gjalddaga má slíta sambandi við hlutaðeigandi notenda, eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á að gjaldið sé greitt í tæka tíð.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15. 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. október 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

77

STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir trjáræktar-1. sept. sjóð kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. september 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

trjáræktarsjóð kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir trjáræktarsjóður kirkjugarðsins í Firði í Mjóafirði. Ætlunarverk hans er:

- a. Að viðhalda eftirleiðis traustri girðingu umhverfis garðinn, svo sem hann nú er og var við burtflutning kirkju 1892, eigi minni en 360 ferm. að flatarmáli, með sáluhliði, klukknaporti og klukku.
- b. Að viðhalda trjárækt þeirri, sem í garðinum er og auka hana svo sem samrýmst getur afnotum hans fyrir ættargrafreit foreldra minna sbr. biskupsbr. 1. febr. 1893.